



Velferðar- og mannréttindaráð

Kópavogi, 9. maí 2025
2505326/002.27 JLÓ

Efni: Farsældarráð Höfuðborgarsvæðisins

SSH heldur utan um verkefnastjórn vegna stofnunar svæðisbundins farsældarráðs á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnastjóri farsældarráðsins er Hanna Borg Jónsdóttir og hefur hún það hlutverk að stofna farsældarráð höfuðborgarsvæðisins.

Í ráðinu munu eiga sæti fulltrúar þjónustuveitenda barna á svæðinu, bæði á vegum ríkis og sveitarfélaga. Saman forgangsraðar ráðið þeim svæðisbundnu áskorunum er varða farsæld barna á höfuðborgarsvæðinu og býr til aðgerðaáætlun til fjögurra ára. Aðgerðaáætlun ráðsins er samþykkt af sveitarstjórnnum sveitarfélaganna en hún lýtur að öllum grunnstoðum farsældar sem eru menntun, lífsgæði og félagsleg staða, heilsa og vellíðan, öryggi og vernd og þátttaka og félagsleg tengsl.

Um stofnun ráðsins er kveðið á um í 5. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Verkefnastjóri hóf störf í febrúar 2025 og er ráðinn til tveggja ára. Áætlað er að fyrir lok samningstímans hafi farsældarráð höfuðborgarsvæðisins verið stofnað og vinna við fyrstu áætlun um svæðisbundna forgangsöðun aðgerða í þágu farsældar barna hafin.

Verkefnastjóri farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins kynnir verkáætlun og hlutverk farsældarráðsins fyrir velferðar- og mannréttindaráði Kópavogs á fundi ráðsins þann 12. maí 2025.

Virðingarfyllt,

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Verkefnastjóri velferðarsviðs Kópavogs